
verkheiti: **Reykjanesbraut breikkun Kald-Krýs,
veituútbóð 1 Hvaleyrarholt - Hvammar**

tilvísun: 18170

höfundur: Gísli Ó. Valdimarsson

dags.: 10.01.2019

Framkvæmdaleyfi umsókn

Áformað er að breikka Reykjanesbraut frá Kaldárselsvegi vestur að mislægum gatnamótum við Krýsuvíkurveg. Samhliða þeim framkvæmdum áforma Veitur (hitaveita) og HS veitur (rafveita), að leggja nýjar veitulagnir norðan við og samhliða Reykjanesbraut.

Framkvæmdir við breikkun Reykjanesbrautar valda því að núverandi veitulagnir við brautina lenda í uppnámi. Lagnir hitaveitu og rafveitu verða færðar frá verksvæði breikkunar og samhliða er stofnlagnakerfið styrkt.

Framkvæmdasvæði veitulagna er norðan við Reykjanesbraut og nær frá undirgöngum við Hvaleyrarskóla (Suðurholt), í austur samhliða Suðurbraut við Þorlákstún, þverun undir Strandgötu við brú á Reykjanesbraut og áfram í austur samhliða jarðvegsmönnum við Hvammahverfi að Hvammabraut við aðkomuveg inn að kirkjugarðinum.

Veitur áforma að endurnýja stofnlögn hitaveitu, sem er í dag samhliða og norðan við Reykjanesbraut, við Hvammahverfið og vestur að Hvaleyrarskóla.

HS veitur áforma að leggja nýja 33 kV og 11 kV háspennustrengi, sem er liður í að styrkja stofnkerfi rafveitu í Hafnarfirði við Reykjanesbraut.

Áætlað er að bjóða verkið út í janúar á þessu ári með verklokum veitulagna í júní nk. Verklok við yfirborðsfrágang eru áformuð í júlí nk.

Meðfylgjandi er yfirlitsteikning sem sýnir fyrirhugað framkvæmdasvæði veitulagna.

Virðingarfyllst, f.h. Veitna og HS veitna



Gísli Ó. Valdimarsson, samræming veitulagna

VSB Verkfræðistofa ehf.